

## REGLUGERÐ

### um (56.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fœðri.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2010 frá 3. júlí 2010 öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 7. október 2010, bls. 330.

#### 2. gr.

Um aukefni samkvæmt ofangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) vísast að öðru leyti til 13. gr. reglugerðar nr. 340/2001 og 3. viðauka sömu reglugerðar.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. október 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*